



Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Bókun íbúaráðs um gönguljós á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar.

Vísað er til bókunar á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis þann 25. júní sl., um gönguljós á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar, sem send var skrifstofunni til upplýsingar.

Ábendingin var tekin til umfjöllunar á fundi skrifstofunnar og jafnframt áframsend Vegagerðinni til upplýsingar en bæði Kringlumýrarbraut og Miklubraut eru þjóðvegir í eigu og umsjón Vegagerðarinnar.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að gæta öryggis allra vegfarenda og á í virku samstarfi við Vegagerðina í þeim efnum. Miðað við þau viðmið sem unnið er eftir, veita gönguljósinn nægan tíma fyrir gangandi vegfarendur til að þvera gatnamótin. Stillingar ljósanna eru þó í sífelldri endurskoðun og litið verður til þeirra sjónarmiða sem fram koma í bókun ráðsins.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri